



251. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 2. mars 2017 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Örn Andrés�on, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðaði: Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir.

Þetta gerðist:

Forseti setti fundi og stjórnaði honum. Hann greindi frá því að niðurstöður vinnuhóps um afreksmálefni yrðu kynntar framkvæmdastjórn ÍSÍ á þriðjudaginn í næstu viku. Í kjölfarið verður vinnuhópurinn með kynningar fyrir sambandsaðila.

1. Ólympísk málefni

Örn Andrés�on formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir það helsta varðandi ólympíska viðburði sem framundan eru.

EYOWF Erzurum

Vetrarólympíuhátíð Ólympíuæskunnar 2017, sem haldin var í Erzurum í Tyrklandi, gekk vel og þátttakendur voru ánægðir. Framkvæmd leikanna tókst í alla staði vel, öryggisgæsla var mikil og ekkert kom upp á varðandi öryggi þátttakenda og gesta. Forseti ÍSÍ heimsótti leikana og eins var framkvæmdastjóri ÍSÍ formaður EOC EYOF Co-Commission sem var eftirlitsaðili á leikunum. Mikið starf var unnið í nefndinni við undirbúning og framkvæmd leikanna.

ÓL í PyeongChang 2018

Skýrsla Andra Stefánssonar sviðsstjóra frá aðalfararstjórafundi lögð fram. Undirbúningur er í góðum farvegi.

Smáþjóðaleikar 2017

Fararstjórafundur og fundur tækninefndar GSSE verður haldinn 24. mars nk. í San Marínó. Undirbúningur fyrir leikana gengur vel.

Örn greindi einnig frá því að vinnufundur verður haldinn 27. mars með sambandsaðilum ÍSÍ vegna afreksmála. Farið verður yfir niðurstöður vinnuhóps ÍSÍ um endurskoðun á úthlutunarreglum Afrekssjóðs ÍSÍ.

2. Fagsvið ÍSÍ – stutt yfirlit

Sigríður Jónsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá undirbúningi ráðstefnu 24. mars nk. í samvinnu við Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Rekstur íþróttafélags – ekkert mál?“.

Umsóknarfrestur varðandi þátttöku í námskeiði Alþjóðaakademíunnar fyrir unga þátttakendur í Ólympíu er liðinn. Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ leggur til að Birgir Sverrisson og Eva Hannessdóttir verði fulltrúar Íslands að þessu sinni. Tillaga samþykkt. Bæklingur ÍSÍ um íþróttir og átröskun hefur verið endurútgefinn í nýjum búningi. Petra Lind Sigurðardóttir sálfræðingur sá um textagerð og hönnun bæklingins var í höndum Elsu Nielsen.

Hafsteinn Pálsson fór í gegnum helstu fjöldatölur varðandi þátttöku í Lífshlaupinu en þátttökuaukning varð á milli ára. Undirbúningur fyrir Hjólað í vinnuna er hafinn en átakið stendur yfir 3.-23. maí nk.

Ráðstefnan „Aldrei of seint – heilsuefning eldri aldurshópa fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur 16. mars sl. Ráðstefnan tókst afar vel og aðsókn var frábær. Forseti Íslands ávarpaði ráðstefnugesti.

Sjóvá-Kvennahlaup ÍSÍ fer fram sunnudaginn 18. júní nk. á landsvísu.

3. Fjárhagsáætlun 2017

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun ÍSÍ fyrir árið 2017 ásamt ítarlegum sundurliðunum. Tillagan verður lögð fyrir Íþróttaping ÍSÍ í maí til staðfestingar.

4. Lottóskipting sérsambanda 2017

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram og skýrði tillögu að skiptingu lottófjár 2017 til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fjármálaráð ÍSÍ vinni að því að samræma uppgjörsaðferðir sérsambanda ÍSÍ þannig að ársreikningar sambandanna séu samanburðarhæfir. Þá taki fjármálaráð aðferðarfræði við skiptingu lottófjár til endurskoðunar.

5. Ferðasjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti og formaður Vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga og Halla Kjartansdóttir starfsmaður hópsins kynntu forsendur úthlutunar og tillögu til úthlutunar úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna keppnisferða á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót ársins 2016. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Örn Andrésón formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um Felix skýrði frá stöðu mála varðandi innleiðingu á nýja Felix. Námskeið verða haldin á landsvísu til að kenna sambandsaðilum á kerfið og skil á starfsskýrslu.

7. Íþróttaping ÍSÍ 2017

Forseti ítrekaði frest til að skila framboðum til stjórnar ÍSÍ fyrir Íþróttaping. Rætt um tillögugerð fyrir þingið og samþykkt að leita eftir tillögum frá fagsviðum ÍSÍ og nefndum ÍSÍ. Fyrra fundarboð til þings hefur verið sent út og einnig upplýsingar um framboð og eyðublað þar að lútandi. Öll þessi gögn er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

8. Erindi Skvassnefndar ÍSÍ

Skvassnefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að endurskipað verði í nefndina. Tilnefningar Skvassnefndar eru:

Tómas Guðbjartsson formaður

Rósa Jónsdóttir
Kim Magnús J. Nielsen
Arnþór Jón Þorvarðarson

Samþykkt að skipa ofangreinda í nefndina. Skrifstofa sendir út skipunarbréf þar að lútandi.

9. Boð á Ólympíuleikana í PyeongChang

Borist hefur formlegt boð Alþjóðaólympíunefndarinnar til ÍSí um þátttöku á Ólympíuleikunum í PyeongChang 2018. Í upphafi fundar undirritaði forseti ÍSí skjal sem staðfestir þátttöku Íslands í leikunum. Skrifstofu falið að senda skjalið til Alþjóðaólympíunefndarinnar.

10. Samantekt úr rannsókninni Ánægja í íþróttum

Sigríður Jónsdóttir greindi frá helstu niðurstöðum úr rannsókn R&G um ánægju í íþróttum. Niðurstöðurnar eru mjög jákvæðar í garð skipulagðrar íþróttastarfsemi innan vébanda íþróttahreyfingarinnar.

11. Heiðranir

Eftirfarandi tilnefningar til heiðrana ÍSí voru samþykktar með rafrænum hætti milli funda:

Kristján Jónatansson fráfarandi framkvæmdastjóri Breiðabliks var sæmdur Gullmerki ÍSí. Merkið var afhent á ársþingi UMSK 22. febrúar sl.

Reinharð Reinharðsson formaður KAÍ var sæmdur Gullmerki ÍSí. Merkið var afhent á ársþingi KAÍ 25. febrúar sl.

Eftirfarandi tilnefningar til heiðrana samþykktar samhjóða:

Samþykkt að heiðra Guðmund Harðarson með Heiðurskrossi ÍSí fyrir frábær störf í þágu sundíþróttarinnar og íþróttahreyfingarinnar í heild.

Ársþing HSK:

Gullmerki ÍSí - Guðríður Aadnegard formaður HSK.
Silfurmerki ÍSí – Rut Stefánsdóttir Hestamannafélaginu Sleipni og Baldur Gauti Tryggvason Umf. Baldur/Umf. Þjótandi.

Ársþing USÚ:

Silfurmerki ÍSí - Guðrún Ingólfssdóttir fyrir störf í þágu frjálsíþrotta.
Silfurmerki ÍSí – Zophonías Torfason fyrir störf í þágu frjálsíþrotta.

Ársþing LSÍ:

Silfurmerki ÍSí - Árni Björn Kristjánsson fráfarandi varaformaður.

12. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 250. fundur framkvæmdastjórnar
- 3., 4. og 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSí 2017

- Afreks- og Ólympíusvið frá 27. febrúar 2017
- Fundur Heiðursráðs ÍSÍ frá 7. febrúar 2017
- Fjármálaráð ÍSÍ frá 27. janúar 2017
- Skýrsla frá fundi aðalfarastjóra PyeongChang 2018
- Skýrsla aðalfarastjóra frá EYOWF 2017 í Erzurum

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Framkvæmdastjórn er boðið til kynningar vinnuhóps ÍSÍ um endurskoðun á úthlutunarreglum Afreksráðs ÍSÍ á þriðjudaginn kemur. Ekki er unnt að tímasetja næsta hefðbundna fund stjórnar að svo stöddu.

15. Önnur mál

Framboð til EOC

Forseti ÍSÍ greindi frá því að rætt hefði verið á fundi forseta og framkvæmdastjóra ólympíunefnda á Norðurlandanna í janúar sl. um málefni EOC og framboð til framkvæmdastjórnar sambandsins. Í umræðum upplýsti forseti ÍSÍ um að ÍSÍ væri með til skoðunar að bjóða framkvæmdastjóra ÍSÍ fram til stjórnar sambandsins.. Forseti lagði til að framkvæmdastjórn ÍSÍ styðji framkvæmdastjóra ÍSÍ til framboðs og var það samþykkt.

Minnisvarði um stökk Vilhjálms

ÍSÍ hefur borist innrömmuð mynd af minnismerki um stökk Vilhjálms Einarssonar í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956 þar sem hann vann til silfurverðlauna. Minnisvarðinn var reistur í tilefni þess að 60 ár eru frá stökki Vilhjálms. Íþróttafélagið Höttur og Fljótsdalshérað höfðu frumkvæði að gerð minnisvarðans en verkið var útfært af Vilhjálmi í samvinnu við MSV stál & vélar og VHE vélaverkstæði. Verkefnasjóður ÍSÍ styrkti verkefnið og er myndin send ÍSÍ í þakklætisskyni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.